

## Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

3. nóvember 2020.

Mættar rafrænt: Andrea Ýr Arnarsdóttir, Ásta Jóna Ásmundsdóttir, Bára Tómasdóttir, Guðrún Magnúsdóttir (áheyrnarfulltrúi skóla og leikskóla), Inga María Sigurðardóttir, Ingibjörg Sigmundsdóttir, og María Ragnarsdóttir.

Fundarefni:

Farið yfir svarbréf frá fræðslunefnd og sveitastjórn vegna fyrirspurna foreldrafélagsins. Varðandi gæslumann í Akranesrúttunni á heimleið kemur í ljós að það er ekki tímabundið verkefni, heimild er fyrir því og er það metið hverju sinni hvort þess þurfi. Varðandi þroskaþjálfari í sveitarfélaginu vísar sveitastjórn erindinu til fjölskyldu- og frístundanevndar. Fram kemur að nýlega sé búið að taka yfir málaflokk fatlaðra og umræða um ráðningu þroskaþjálfara séu á þann veg að skoða kosti þess að samnýta hana með leik- og grunnskóla en þangað til verður lausnin að nýta verktakaþjónustu. Þakkar foreldrafélagið fyrir veitt svör.

Ekki hefur tekist að nýta 300.000 kr. styrk, sem foreldrafélagið fékk og átti að nýta fyrir vorhátíð 2020, vegna covid. Ákveðið var að geyma það fram á haust en þurft að fresta þeim áætlunum vegna áframhaldandi aðstæðna vegna covid. Aðalmenn félagsins ákveða samhljóða að nýta styrkinn í þágu barnanna og er ákveðið að gefa gjafir til Heiðarskóla (200 þúsund) og Skýjaborg (100 þúsund) í samráði við skólastjórnendur. Í skóla og leikskóla næst best að nýta styrkinn í þágu barnanna. Sent verður bréf til menninganevndar sem veitti styrkinn til upplýsinga þar sem breyttar forsendur eru fyrir nýtingu styrksins.

Rætt um jóladagskrá sem verið hefur og ólíklegt að hægt að sé að halda í ár. Fram kemur hugmynd um að hafa jólaföndur rafrænt, verður það skoðað betur.

Varðandi jólaleikrit þá er ólíklegt að vilji/aðstæður séu til þess að fá utanaðkomandi aðila inná leikskólann. Rætt var við starfsmenn leikskólans sem tóku vel í hugmynd um að þeir skipuleggi og verði með jólaleikrit fyrir leikskólabörn og foreldrafélagið greiði í starfsmannasjóð fyrir það. Send er áskorun á skólastarfsfólk um að skipuleggja og sýna jólasýningu og að foreldrafélagið muni greiða í starfsmannasjóð þar líka. Í ljós kemur að starfsfólk grunnskólans er til í áskorunina. Aðalmenn félagsins ákveða samhljóða að greiða 50 þúsund fyrir sýninguna í leikskólanum og 75 þúsund fyrir sýninguna í grunnskólanum. Foreldrafélagið mun útvega kökur á jólaskemmtanirnar.

Varðandi fulltrúa foreldrafélagsins í nefnd um endurskoðun skólastefnunnar taka María og Ásta það að sér.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Ásta Jóna Ásmundsdóttir